



GRUNDARTANGI ehf.
PRÓUNARFÉLAG – HVALFJARÐARSVEIT



Ársskýrsla Próunarfélags Grundartanga

2021 - 2022

Starfsemi Þróunarfélags Grundartanga 2021-2022

Síðustu ár hafa, þrátt fyrir heimsfaraldur, verið viðburðarrík og vel nýtt til undirbúnings verkefna komandi ára. Verkefnin eiga það flest sameiginlegt að snúa að þróun Grundartanga í átt að grænum iðngarði, mótun samstarfs fyrirtækja á svæðinu og sýnleika þess út á við.

Viljayfirlýsing um föngun kolefnis og nýtingu glatvarma

Þann 9.júní 2021 var skrifað undir viljayfirlýsingu milli Veitna, Elkem, Carbfix og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis um samstarf um föngun kolefnis og nýtingu glatvarma. Verkefnið verður unnið undir stjórn Þróunarfélags Grundartanga en fyrsti áfangi þess felur í sér að vinna að fjölnýtingu þeirra efnisstrauma sem til staðar eru á Grundartangasvæðinu. Kolefni úr útblæstri iðnaðarfyrirtækja á Grundartanga verður dælt niður í borholu á svæðinu ásamt því að glatvarmi frá starfseminni verður nýttur til hitaveitu. Verkefnið fellur vel að loftlagsmarkmiðum Íslands, en einnig að þróun í orkumálum og atvinnusköpun. Vonir standa til að verkefnið geti skapað umtalsverð verðmæti á komandi árum og það er hluti af uppbygginu græns iðnaðar- og auðlindaklasa á Grundartanga sem mun skapa þekkingu sem nýtist fleiri iðnaðarsvæðum á landinu.

Samstarf við Carbfix og Elkem Ísland

Þann 9. júní 2021 skrifuðu Carbfix ohf, Þróunarfélag Grundartanga og Elkem Ísland undir áform um samstarf varðandi verkefni til að meta hagkvæmni þess að beita Carbfix tækninni fyrir Elkem til að draga úr losun koltvísýrings. Aðferðin gengur út á að fanga CO₂ og binda það í berg. Samstarfið snýst einnig um að samræma og hrinda verkefninu í framkvæmd.

Samstarf um skoðun á framleiðslu á grænu metanóli

Þann 11.júní 2021 skrifuðu Landsvirkjun, Carbon Recycling International, Elkem Ísland og Þróunarfélag Grundartanga undir samstarf um skoðun á framleiðslu á grænu metanóli. Framleiðslan myndi nýta umframraforku Landsvirkjunar, framleiðslutækni Carbon Recycling International og glatvarma ásamt koldíoxíði sem fangað yrði úr kísilveri Elkem.

Grænn iðngarður

Á árinu 2021 lagði stjórn félagsins fyrir eigendur og hagaðila, verkefna- og fjárhagsáætlun Þróunarfélagsins til ársins til komandi ára. Framtíðarsýn og markmið Þróunarfélagsins er að Grundartangasvæðið laði að sér fjölbreytt og öflug fyrirtæki sem nýti sér hafnarmannvirki og aðra innviði svæðisins. Í þessu verkefni er áhersla á fjölnýtingu efnis- og auðlindastrauma á svæðinu. Í tengslum við það var farið í greiningarvinnu og mótun hugmyndafræði sem



Grænn iðngarður.

mun styðja við þróun svæðisins í átt að grænum hringrásargarði þar sem sjálfbærnisjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Í vinnunni hafa verið haldnir fjölmargir vinnufundir með sveitarfélögum og fyrirtækjum á svæðinu. Verkefninu er skipt í fjóra fasa sem unnir verða á tímabilinu 2021 til 2024, en þá er stefnt að því að svæðið uppfylli öll skilyrði sem grænn iðngarður með áherslu á hringrásarhugsun.

Vefsíða

Á árinu 2021 var unnið að uppsetningu nýs vefs fyrir Þróunarfélagið og var hann opnaður í árslok. Markmið vefsins er að veita upplýsingar um starfsemi Þróunarfélagsins og verkefna þess. Vefinn verður einnig nýttur til að vekja athygli á möguleikum á Grundartanga fyrir aðila sem hafa áhuga á að hefja starfsemi á svæðinu.

Grundartangi – grænn iðngarður með hringrásarhugsun

Í upphafi árs 2022 lágu fyrir jákvæðar niðurstöður greininga um fýsileika Grundartangasvæðisins sem græns iðngarðs. Í kjölfar þeirra hófst samtal við hagaðila svæðisins um áform Þróunarfélagsins frá 2021 um að hefja vegferð þar sem markvisst yrði unnið að stofnun slíks garðs á Grundartanga. Á fundum með aðilum svæðisins kom í ljós almenn sátt um áætlanirnar, enda væntur ávinningur fyrirtækja, sveitarfélaga og umhverfisins af verkefninu umtalsverður. Sátt var einnig um að leggja áherslu á hringrásarhagkerfið í nálgun Grundartanga á verkefninu, enda mikil tækifæri til að nýta betur þá orku sem þegar er á svæðinu. Í kjölfar þessa var hafist handa við að fylgja eftir þeim áætlunum sem felast í stofnun slíks iðngarðs og skilgreindar hafa verið.



Kynningarbæklingur græns iðngarðs.

Undirritun viljayfirlýsingar



Fulltrúar eigenda Þróunarfélagsins ásamt ráðherra við undirritun viljayfirlýsingar

Þann 11. maí 2022 skrifuðu fulltrúar fyrirtækjanna á Grundartanga, eigendur Þróunarfélagsins ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis- orku- og loftslagsráðherra, undir viljayfirlýsingu um stofnun græns iðngarðs á Grundartanga. Undirritunin markaði því ákveðin tímamót í vegferðinni þar sem skýr vilji aðila var staðfestur um að fylgja eftir áætlunum um stofnun Grundartanga Græns iðngarðs með hringrásarhugsun. Viðburðurinn var einnig nýttur til að kynna hugmyndina að baki græna iðngarðinum, m.a. með útgáfu kynningarbæklings sem fylgt var eftir með umfjöllunum og greinaskrifum í fjölmiðlum.

Styrkir frá Orkusjóði

Styrkir fengust á árinu frá Orkusjóði. annars vegar til að ráðast í orkuskipti í hafntengdri starfsemi með kaupum og uppsetningu á öflugri hraðhleðslustöð, og hins vegar til að hefja framkvæmd á hita- og gufuveitu sem byggir á nýtingu varma frá kælikerfum bræðsluofna Elkem.

Hraðhleðslustöðvar

Markmiðið með að koma upp hleðslubúnaði á svæðinu er að hvetja til orkuskipta vinnuvéla sem tengjast hafntengdri starfsemi. Með þessu gæti Grundartangi verið í forustu í orkuskiptum fyrir hafntengda starfsemi auk þess að hvetja fyrirtæki á svæðinu til að velja frekar umhverfisvæn tæki til að sinna starfsemi sinni. Áætlað er að búnaðurinn berist til landsins í lok árs og verði tilbúinn til notkunar snemma árið 2023.

Hitaveita á Grundartanga

Með stofnun hitaveitu á Grundartanga er hægt á miklum ávinningi í bæði umhverfismálum og kostnaði fyrir fyrirtækin á svæðinu, en í dag er húsnæði fyrirtækja á Grundartanga hitað með rafmagni sem jafnframt er nýtt til hitunnar baðvatns sem mikil notkun er á vegna eðli starfseminnar.

Því er ávinningur sem hlýst af því að nýta varma sem skapast nú þegar af starfsemi á svæðinu umtalsverður fyrir alla hagaðila. Greiningin gefur til kynna að hámarks aflþörf svæðisins sé um 2,5 MW (miðað við 4.500 klst. nýtingartíma/ári) en gerðar verða frekari rannsóknir til að meta hámarks samtímanotkun sem getur verið mikil, sér í lagi á köldum dögum þegar hundruð manna fara í bað á svipuðum tíma.

Bæði verkefni rýma því vel við áætlanir Þróunarfélagsins um Grænanan iðngarð með hringrásarhugsun og styðja beint við framtíðarsýn svæðisins.

Klasastarf

Í lok árs 2022 var myndaður undirbúningshópur fyrir stofnun klasa á Grundartangasvæðinu en hópinn mynda fulltrúar fyrirtækjanna á svæðinu. Markmið klasans er að styðja við þau fjölmörgu verkefni sem framundan eru og skapa vettvang fyrir aðila að vinna saman að umbótaverkefnum sem styðja við framtíðarsýn og markmið svæðisins.

Lóðamál

Þróunarfélagið hefur unnið á árinu með Faxaflóahöfnum varðandi umsóknir fyrirtækja sem hafa áhuga á að koma sér fyrir á Grundartangasvæðinu. Ljóst er að aðstaðan á svæðinu og framtíðarsýn laðar að fjölmörg fyrirtæki sem hafa áhuga á að koma að uppbyggingunni sem framundan er.

Skógrækt

Skógrækt á Grundartanga hefur lengi verið til umræðu en skipulagsmál og skortur á samvinnu milli aðila hefur hamlað þeim áætlunum. Nú liggur fyrir nýtt aðalskipulag fyrir svæðið sem styður við áætlanirnar og ákveðið hefur verið að nýta Þróunarfélagið sem vettvang fyrir samvinnu um uppbygginguna.